

# REGLUR

## UM RÁÐSTAFANIR GEGN HAGSMUNAÁREKSTRUM

Reglur þessar eru settar af stjórn Arctica Finance hf. („Arctica“) á grundvelli 4. mgr. 10. gr., 2. mgr. 21. gr. og 32. gr. laga nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga, og með vísan til 3. þáttar II. kafla reglugerðar (ESB) 2017/565,<sup>1</sup> og viðmiðunarreglna evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um innri stjórnarhætti nr. EBA/GL/2021/14 („Viðmiðunarreglur EBA“).<sup>2</sup>

### 1 Stefna og gildissvið

- 1.1 Stefna stjórnar er að koma á, innleiða og viðhalda skilvirkum reglum um hagsmunaárekstra í samræmi við stærð og skipulag félagsins og eðli, umfang og flækjustig starfseminnar. Í þeim kemur fram greining á þeim aðstæðum sem valda eða kunna að valda hagsmunaárekstrum sem fela í sér hættu á að hagsmunir eins eða fleiri viðskiptavina skaðist, auk þess að tilgreina verklag sem fylgja skal og ráðstafanir sem grípa skal til í þeim tilgangi að koma í veg fyrir eða takast á við slíka árekstra.
- 1.2 Stefna stjórnar Arctica er að koma í veg fyrir hugsanlega hagsmunaárekstra, þannig að það stuðli að heilindum markaðarins og hagsmunum viðskiptavina.<sup>3</sup> Með því að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra er jafnframt miðað að því að auka trúverðugleika Arctica. Stjórn Arctica hefur m.a. í þessu skyni samþykkt ýmsar innri reglur og stefnur sem í eðli sínu fela í sér ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum.<sup>4</sup>
- 1.3 Arctica ber að gera allar viðeigandi ráðstafanir til að greina og koma í veg fyrir eða takast á við hagsmunaárekstra í tengslum við veitingu fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu.<sup>5</sup> Þegar hagsmunaárekstrar eru til staðar ber Arctica að viðhafa skilvirkt verklag til að koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar skaði hagsmuni viðskiptavina Arctica.<sup>6</sup>
- 1.4 Reglur þessar gilda fyrir alla starfsmenn Arctica.
- 1.5 Með „hagsmunaárekstrum“ í reglum þessum er átt við atvik eða aðstæður sem hugsanlega geta komið upp þegar Arctica þjónar hagsmunum tveggja eða fleiri aðila og er í aðstöðu til þess að láta einn aðila í betri stöðu á kostnað annars aðila. Hagsmunaárekstrar sem falla undir skilgreiningu þessa geta verið á milli:<sup>7</sup>
  - a Arctica sjálfs, þar með talið á milli tengdra aðila,<sup>8</sup> annars vegar og viðskiptavina Arctica hins vegar.
  - b Viðskiptavina Arctica innbyrðis.

### 2 Greining hagsmunaárekstra

- 2.1 Greina skal hagsmunaárekstra sem upp geta komið í tengslum við veitingu fjárfestingar- eða

<sup>1</sup> Sjá 3. mgr. 32. gr. l. nr. 115/2021.

<sup>2</sup> Sjá liði 96 - 97 í Viðmiðunarreglum EBA.

<sup>3</sup> Sjá 4. mgr. 10. gr. og 2. mgr. 21. gr. l. nr. 115/2021, sem og 1. mgr. 1. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

<sup>4</sup> T.d. starfsreglur stjórnar, almennar starfsreglur, reglur um hvatagreiðslur, reglur um framkvæmd viðskiptafyrirmæla, reglur um verðbréfavíðskipti starfsmanna og reglur um þátttöku starfsmanna í atvinnurekstri.

<sup>5</sup> Sjá 1. mgr. 32. gr. l. nr. 115/2021.

<sup>6</sup> Sjá liði 96 - 97 í Viðmiðunarreglum EBA.

<sup>7</sup> Sjá 1. mgr. 32. gr. l. nr. 115/2021.

<sup>8</sup> Með tengdum aðilum er átt við starfsmenn Arctica, einkaumboðsmenn og aðila sem eru tengdir Arctica vegna yfirráða, sbr. 1. mgr. 32. gr. l. nr. 115/2021.

- viðbótarþjónustu Arctica sem kunna að skaða hagsmuni viðskiptavina eða óskir þeirra um sjálfbærni. Forstöðumenn deilda Arctica bera ábyrgð á að greining á hagsmunaárekstrum fari fram innan þeirra deilda, en að öllu jöfnu skal sá starfsmaður Arctica sem leiðir samskipti við (hugsanlegan) viðskiptavin framkvæma mat á hagsmunaárekstri.
- 2.2 Almenn greining á hagsmunaárekstrum í starfsemi Arctica fer fram með reglubundnum hætti og þegar sérstakt tilefni er til, t.d. við skipulagsbreytingar. Þessar greiningar skulu teknar fyrir og fjallað um á fundum áhættunefndar félagsins.
  - 2.3 Atviksbundnar greiningar á hagsmunaárekstrum skulu framkvæmdar í tengslum við einstök verkefni, eftir því sem ástæða er til, og skal notast við eyðublað regluvarðar. Leitast skal eftir að frumgreining á hagsmunaárekstrum liggja fyrir áður en vinna við tiltekið verkefni hefst en fullnægjandi greining á hagsmunaárekstrum skal liggja fyrir áður en fjárfestingar- eða viðbótarþjónusta er veitt. Styðjast skal við þau gögn og upplýsingar sem liggja fyrir á hverjum tíma og meta hugsanlega hagsmunaárekstra út frá þeim. Uppfæra skal greiningu á hagsmunaárekstrum ef tilefni er til.
  - 2.4 Sá starfsmaður sem framkvæmir atviksbundna greiningu á hagsmunaárekstrum skal senda útfyllt eyðublað um mat á hagsmunaárekstrum á yfirmann sinn, sem skal taka afstöðu til matsins. Í kjölfar þess skal viðkomandi starfsmaður senda útfyllt eyðublað og afstöðu yfirmanns á þann aðila sem regluvarður tilnefni,<sup>9</sup> sem heldur skrá um niðurstöður greininga. Ef niðurstöður greiningar felur í sér að hagsmunaárekstur kunni að vera til staðar, þá skal viðkomandi starfsmaður einnig senda þær á sinn forstöðumann.
  - 2.5 Við greiningu á hagsmunaárekstrum skal að jafnaði taka tillit til mikilvægi þeirra hagsmuna sem um ræðir svo grípa megi til viðeigandi ráðstafana hverju sinni.
  - 2.6 Við mat á því hvort hætta sé á að hagsmunaárekstrar geti skapast við veitingu fjárfestingar- og/eða viðbótarþjónustu, sem geta skaðað hagsmuni viðskiptavina, þ.m.t. hvað varðar óskir þeirra um sjálfbærni ef við á, skal skoða hvort félagið sjálft, starfsfólk þess eða aðili sem er beint eða óbeint tengdur félaginu í gegnum yfirráð:
    - a Sé líklegur til að njóta fjárhagslegs ágóða eða forðast fjárhagslegt tap á kostnað viðskiptavinar.
    - b Hefur hagsmuna að gæta af niðurstöðu þeirrar þjónustu sem viðskiptavininn er veitt og þessir hagsmunir eru annars eðlis en hagsmunir viðskiptavinar.
    - c Hefur fjárhagslegan hvata eða annars konar hvata til þess að setja hagsmuni annars viðskiptavinar eða hóps viðskiptavina frammar hagsmunum hlutaðeigandi viðskiptavinar.
    - d Stundi sams konar rekstur og viðskiptavinur.
    - e Tekur við, eða mun taka við, hvatagreiðslu í formi fjárhagslegs eða ófjárhagslegs ávinnings eða þjónustu frá aðila öðrum en viðskiptavininum í tengslum við veitingu þjónustu til viðskiptavinarins.
  - 2.7 Starfsfólki Arctica ber að vekja athygli forstöðumanns viðkomandi deildar eða dótturfélags á eigin einkahagsmunum sem kunna að stangast á við hagsmuni Arctica eða viðskiptavina félagsins í tengslum við tiltekið verkefni, áður en vinna við umrætt verkefni hefst.
  - 2.8 Hagsmunaárekstrar geta skapast þegar Arctica framleiðir fjármálagerninga.<sup>10</sup> Arctica skal greina mögulega hagsmunaárekstra í hvert sinn sem fjármálagerningur er framleiddur. Einkum skal þá metið hvort fjármálagerningurinn skapi aðstæður þar sem viðskiptavinir Arctica kunna að verða

<sup>9</sup> Í dag skrifstofustjóri.

<sup>10</sup> Í athugasemdum greinargerðar við 22. gr. frumvarps sem varð að lögum um markaði fyrir fjármálagerninga er vísað til aðfaraorða tilskipunar (ESB) 2017/593, þar sem segir: „ættu verðbréfafyrirtæki sem stofna, þróa, gefa út og/eða útfæra fjármálagerninga, þ.m.t. við ráðgjöf til fyrirtækja, sem eru útgefendur, um að hefja útgáfu nýrra fjármálagerninga, að teljast framleiðendur“.

fyrir neikvæðum áhrifum ef þeir taka á sig:<sup>11</sup>

- a Áhættuskuldbindingu sem er gagnstæð þeirri sem Arctica var sjálft áður með, eða
- b Áhættuskuldbindingu sem er gagnstæð þeirri sem Arctica vill hafa eftir sölu fjármálagernings.

### 3 Meðhöndlun hagsmunaárekstra

- 3.1 Gripið skal til viðeigandi ráðstafana til að koma í veg fyrir eða takast á við hagsmunaárekstra sem upp koma í starfsemi Arctica. Slíkar ráðstafanir eiga að tryggja að starfsfólk sinni störfum sínum af tilhlýðilegu óhæði. Ákvarðanir um ráðstafanir skulu teknar af starfsmanni og hans yfirmanni, og eftir atvikum að höfðu samráði við regluvörð.
- 3.2 Við val á viðeigandi ráðstöfunum skal gera greinarmun á því hvort um tilfallandi eða viðvarandi hagsmunaárekstur sé að ræða. Ráðstafanir skulu vera í hæfilegu samræmi við alvarleika viðkomandi hagsmunaáreksturs.
- 3.3 Arctica gerir m.a. eftirfarandi ráðstafanir í þeim tilgangi að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra og í sumum tilvikum gilda sérstakar reglur eða stefnur sem settar hafa verið af Arctica:<sup>12</sup>
  - a Til að koma í veg fyrir ótakmarkað upplýsingaflæði á milli aðila, s.s. milli mismunandi starfssviða, er með huglægum og efnislegum aðskilnaði (kínamúrum) aðgangur að trúnaðarupplýsingum takmarkaður við þá aðila sem hafa raunverulega þörf fyrir slíkar upplýsingar og í samræmi við hagsmuni viðkomandi viðskiptavinar eða Arctica sjálfs. Í þessu skyni gilda sérstakar reglur sem settar hafa verið af Arctica.
  - b Sérstakt eftirlit er með starfsfólki sem hefur það meginhlutverk að veita viðskiptavinum þjónustu, þegar viðkomandi viðskiptavinir eiga hagsmuna að gæta eða fara fyrir hagsmunum sem geta stangast á við hagsmuni Arctica, starfsfólks Arctica eða annarra viðskiptavina félagsins. Við eftirlit samkvæmt staflið þessum skal taka mið af grein 3.4.
  - c Starfsmönnum Arctica er óheimilt að eiga viðskipti með fjármálagerninga fyrir eigin reikning án fyrirfram skriflegrar heimildar regluvörslu Arctica, nema í fyrirfram skilgreindum tilvikum, sbr. reglur stjórnar Arctica um verðbréfavíðskipti starfsmanna.
  - d Starfsmönnum Arctica er óheimilt að eiga viðskipti fyrir eigin reikning á undan viðskiptavini ef áður hefur borist beiðni um viðskipti af hálfu viðskiptavinar, sbr. reglur stjórnar Arctica um verðbréfavíðskipti starfsmanna.
  - e Engin bein tengsl skulu vera á milli þóknunar starfsmanna Arctica sem annast fyrst og fremst eitt verksvið og þóknunar annarra starfsmanna Arctica sem annast fyrst og fremst önnur verksvið, eða tekna sem þeir skapa, ef til hagsmunaárekstra gæti komið í tengslum við þessi verksvið.
  - f Eftir því sem við á eru samþykktir viðeigandi verkferlar, er stuðla að því að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra, lágmarki hugsanlega skaða af hagsmunaárekstrum eða veita leiðbeiningar um hvernig bregðast skuli við hagsmunaárekstrum, hvort sem litið er til atvika innan sömu deildar eða á milli mismunandi deilda Arctica.
  - g Tekið er á gjöfum, boðsferðum og hvatagreiðslum í reglum Arctica um hvatagreiðslur.
  - h Gögn um þjónustu og viðbrögð af hálfu Arctica eru varðveitt í tilvikum er til hagsmunaárekstra kemur, sbr. grein 5.
  - i Stjórn Arctica hefur sett sér ýmsar reglur til að taka á hugsanlegum hagsmunaárekstrum,

<sup>11</sup> Sjá 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 976/2021, um verndun fjármálagerninga og fjármuna viðskiptavina, skyldur við vöruþróun og um veitingu og móttöku þóknana, umboðslauna eða hvers konar ávinnings.

<sup>12</sup> Sjá liði 98 - 99 og 105 í Viðmiðunarreglum EBA.

samanber grein 1.2.

- j Arctica getur vikið tengdum aðilum burt frá tilteknum viðskiptum eða meðhöndlun hagsmunaárekstra enda geti þátttaka þeirra, í viðkomandi viðskiptum eða við meðhöndlun hagsmunaárekstra, leitt til hagsmunaárekstra.
  - k Tilvik þar sem starfsmaður tekur þátt samtímis, eða í beinu framhaldi, í mismunandi fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu eru takmörkuð eða þeim stýrt, ef slík þátttaka kann að skaða viðhlítandi stýringu hagsmunaárekstra.
- 3.4 Í þeim tilvikum þegar ráðstafanir samkvæmt grein 3.3 koma ekki fyllilega í veg fyrir hagsmunaárekstur sem tengist starfsmanni, og að teknu tilliti til greinar 4, þá skal viðhafa sérstakt eftirlit og skal yfirmaður grípa til einnar eða fleiri eftirfarandi leiða, að höfðu samráði við regluvörð:
- a Fela starfsmanni að fylla út að nýju eyðublað regluvarðar um hagsmunaskráningu, þ.e. yfirlýsing um verðbréfaeign og fleira, og afhenda regluverði.
  - b Yfirmaður hafi aukið eftirlit með því verkefni sem unnið er fyrir viðskiptavin.
  - c Láta starfsmann sitja í aðskildu rými frá öðrum starfsmönnum, t.d. fundarherbergi, á meðan á verkefninu stendur, ef hagsmunaárekstur er þess eðlis að gæta þurfi sérstaklega að trúnaði.
  - d Breyta aðgangi starfsmanns að upplýsingakerfum.

#### 4 Upplýsingagjöf um hagsmunaárekstra

- 4.1 Ef Arctica telur ráðstafanir sínar til að bregðast við helstu hagsmunaárekstrum ófullnægjandi skal Arctica veita viðskiptavinum upplýsingar með skýrum og ótvíræðum hætti um eðli og orsök hugsanlegra hagsmunaárekstra áður en þjónusta er veitt. Að sama skapi skal upplýsa viðskiptavininn um þær áhættur sem leiða af viðkomandi hagsmunaárekstrum og hvaða ráðstafanir hafi verið gerðar til að draga úr hættunni. Í upplýsingunum skal koma skýrt fram að skipulags- og stjórnunarráðstafanirnar sem félagið hefur komið á til að koma í veg fyrir eða takast á við slíka árekstra dugi ekki til að tryggja, svo fullnægjandi þyki, að komið sé í veg fyrir hættu á að hagsmunir viðskiptavinarins skaðist. Skal Arctica senda viðskiptavini tilkynningu á varanlegum miðli og skulu upplýsingarnar vera nægilega ítarlegar, með hliðsjón af því um hvern ræðir, til að gera viðkomandi kleift að taka upplýsta ákvörðun að því er varðar þá þjónustu sem hagsmunaárekstur tengist. Þjónusta skal ekki veitt fyrir en viðskiptavinur hefur gefið afdráttarlaust samþykki fyrir því að Arctica haldi áfram að veita tiltekna þjónustu þrátt fyrir slíka hugsanlega hagsmunaárekstra.<sup>13</sup>
- 4.2 Það úrræði sem kemur fram í grein 4.1 skal notað sem þrautavaraúrræði og eingöngu ef skilvirkar skipulags- og stjórnunarráðstafanir Arctica duga ekki til að tryggja, svo fullnægjandi þykir, að komið verði í veg fyrir hættu á að hagsmunir viðskiptavina skaðist.

#### 5 Skjölun

- 5.1 Arctica skal halda skrá um tegundir aðstæðna og atvika í starfsemi félagsins sem veldur eða getur valdið skaðlegum hagsmunaárekstrum.<sup>14</sup> Skal slík skrá teljast til viðauka I við reglur þessar („viðaukinn“). Skal skránni haldið við og hún uppfærð reglulega. Viðaukinn eða breytingar á honum taka gildi með samþykki framkvæmdastjóra Arctica og skal regluvörður upplýstur þar um. Regluvörður skal láta framkvæmdastjóra í té skýrslur a.m.k. árlega um þær aðstæður sem um getur í þessu ákvæði og ættu að hans mati að valda breytingum og uppfærslum á

<sup>13</sup> Sjá 1. og 2. mgr. 32. gr. l. nr. 115/2021 og lið 97 í Viðmiðunarreglum EBA.

<sup>14</sup> Sjá 35. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565.

viðaukanum.

- 5.2 Regluvörður skal halda skrá utan um atvik sem valda eða kunna að valda hættu á hagsmunaárekstrum í starfsemi félagsins.<sup>15</sup> Forstöðumenn deilda bera ábyrgð á að tilkynna regluverði um atvik. Tilkynning til regluvarðar skal geyma upplýsingar um hvaða ákvarðanir og ráðstafanir hafi verið gerðar vegna viðkomandi atvika og af hverju umræddar ráðstafanir hafi þótt fullnægjandi til að afstýra hættu á hagsmunaárekstrum. Þá skal tilkynna um upplýsingagjöf til viðskiptavina á grundvelli greinar 4.1 og samþykki viðskiptavina ef við á.

## 6 Auknar kröfur í tengslum við útboð fjármálagerninga fyrir viðskiptavinum

- 6.1 Þegar Arctica hefur umsjón með útboði fjármálagerninga fyrir viðskiptavinum skulu starfsmenn Arctica starfa þannig að hagsmunum annarra viðskiptavina eða eigin hagsmunum Arctica skal ekki hygla með þeim hætti að það kunni að stríða gegn hagsmunum viðskiptavinarins.
- 6.2 Aðkoma starfsmanna annarra deilda innan Arctica að veitingu þjónustu við viðskiptavinum í tengslum við útboð viðskiptavinar skal samræmast verklagi félagsins um aðskilnað starfssviða og reglum þessum. Starfsmenn skulu ekki koma að veitingu þjónustu til annarra en viðskiptavinar í tengslum við útboð.
- 6.3 Þegar Arctica hefur umsjón með útboði fjármálagerninga fyrir viðskiptavinum skal félagið, eftir því sem við á:
- a Afhenda viðskiptavininum úthlutunarstefnu Arctica, áður en félagið tekur að sér slíka umsjón.
  - b Hafa viðskiptavininn með í ráðum um útboðsferlið til þess að Arctica geti skilið og tekið tillit til hagsmuna og markmiða hans.
  - c Afla samþykkis viðskiptavinar fyrir tillögu um úthlutun í samræmi við úthlutunarstefnu Arctica.
- 6.4 Veiti Arctica fyrirtækjaráðgjöf<sup>16</sup> og hefur jafnframt umsjón með útboði fjármálagerninga sama viðskiptavinar skal félagið, áður en það tekur að sér slíkt verkefni, upplýsa viðskiptavininn um eftirfarandi, eftir því sem við á:<sup>17</sup>
- a Mismunandi fjármögnunarkosti sem standa til boða og viðskiptakostnað vegna hvers kosts.
  - b Tímasetningu og ferlið við fyrirtækjaráðgjöfina um verðlagningu í útboðinu.
  - c Tímasetningu og ferlið við fyrirtækjaráðgjöfina um útboðið.
  - d Nánari upplýsingar um markhóp fjárfesta sem Arctica hefur í hyggju að bjóða fjármálagerningana.
  - e Starfsheiti og deildir viðkomandi einstaklinga sem koma að því að veita fyrirtækjaráðgjöf um verð og úthlutun fjármálagerninga.
  - f Ráðstafanir Arctica til að koma í veg fyrir eða takast á við hagsmunaárekstra sem geta skapast þegar fyrirtækið býður viðkomandi fjármálagerning í útboði til viðskiptavina sinna í fjárfestingarþjónustu.
- 6.5 Arctica skal ekki taka við greiðslum eða ávinningi frá þriðja aðila í tengslum við útboð nema slíkar greiðslur eða ávinningur séu í samræmi við lög og ákvæði reglna þessara og reglna Arctica um hvatagreiðslur. Einkum skal eftirfarandi athæfi teljast brjóta í bága við þær kröfur og því teljast

<sup>15</sup> Sjá liði 108 - 109 í Viðmiðunarreglum EBA.

<sup>16</sup> Með „fyrirtækjaráðgjöf“ er átt við ráðgjöf til fyrirtækja um uppbyggingu eigin fjár, stefnumótun og skyld mál og ráðgjöf og þjónusta varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim, sbr. c-lið 67. tölul. 1. mgr. 4. gr. l. nr. 115/2021.

<sup>17</sup> Sjá 1. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565.

óheimilt:<sup>18</sup>

- a Úthlutun sem hvetur til greiðslu óhóflegra hárra gjalda fyrir ótengda þjónustu sem Arctica veitir („upptröppun“, e. *laddering*), s.s. óhóflega hárra gjalda eða þóknana sem fjárfestir greiðir fyrir í fjárfestingarþjónustu, eða óeðlilegs magns viðskipta fyrir hóflega þóknun, sem fjárfestir greiðir gegn því að fá úthlutun í útgáfunni.
- b Úthlutun til yfirstjórnanda eða yfirmanns fyrirtækis sem er núverandi eða hugsanlegur viðskiptavinur sem útgefandi, sem er endurgjald fyrir að útvega viðskipti í fortíð eða framtíð á sviði fyrirtækjaráðgjafar („forgangsboð“, e. *spinning*).
- c Úthlutun sem er með beinum eða óbeinum hætti skilyrt við móttöku framtíðarfyrirmæla eða kaup á þjónustu Arctica af hálfu fjárfestis vegna fjárfestingarþjónustu eða aðila sem fjárfestirinn er yfirmaður hjá.

6.6 Arctica skal búa yfir kerfum, stjórnækjum og ferlum til að greina og koma í veg fyrir eða takast á við hagsmunaárekstra sem skapast í tengslum við mögulega undir- eða yfirverðlagningu útgáfu eða aðkomu viðkomandi aðila að ferlinu. Einkum skal Arctica miða að því að tryggja hvort tveggja af eftirfarandi:<sup>19</sup>

- a Að verðlagning í útboðinu hygli ekki hagsmunum annarra viðskiptavina eða eigin hagsmunum félagsins með hætti sem kann að stríða gegn hagsmunum útgefandans.
- b Að komið sé í veg fyrir eða höfð sé stjórn á aðstæðum þar sem aðilar, sem veita viðskiptavinum Arctica í fjárfestingarþjónustu, koma með beinum hætti að ákvörðunum um fyrirtækjaráðgjöf til útgefandans varðandi verðlagningu.

6.7 Tryggja skal að viðskiptavinum séu veittar fullnægjandi upplýsingar í tengslum við og vegna fyrirhugaðrar umsjónar með útboði. Að lágmarki skal veita eftirfarandi upplýsingar, eftir því sem við á:<sup>20</sup>

- a Um hvernig ráðgjöf um verðlagningu fjármálagernings í útboði og tímasetningar er ákvörðuð.
- b Upplýsa og eiga í samskiptum við viðskiptavininn, sem er útgefandinn, um allar áhættuvarnar- og verðjöfnunaraðferðir sem Arctica hyggst beita í tengslum við útboðið, þ.m.t. hvaða áhrif þessar aðferðir kunna að hafa á hagsmuni útgefandans.
- c Meðan á útboðsferlinu stendur skal Arctica gera allar tiltækar ráðstafanir til að halda viðskiptavininum upplýstum um þróun mála að því er varðar verðlagningu útgáfunnar.

6.8 Halda skal skrá um hvert verkefni á sviði útboða. Gögn og upplýsingar skulu varðveittar í samræmi við öryggisstefnu Arctica. Skrárnar skulu vera aðgengilegar Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands, berist beiðni þess efnis. Þar skulu meðal annars varðveittar upplýsingar um eftirfarandi, eftir því sem við getur átt:<sup>21</sup>

- a Dagsetning þegar félagið fékk upplýsingar um hugsanlegt útboð.
- b Efnis og tímasetning fyrirmæla frá viðskiptavini.
- c Gögn um ákvarðanir um úthlutanir, þ.m.t. rökstuðningur um lokaúthlutun til hvers viðskiptavinar.

<sup>18</sup> Sjá 3. mgr. 40. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565.

<sup>19</sup> Sjá 1. mgr. 39. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565.

<sup>20</sup> Sjá 2. mgr. 39. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565. Sem dæmi geta upplýsingar verið að finna í tölvupóstum, teams-spjalli o.fl.

<sup>21</sup> Sjá 43. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565.

## 7 Auknar kröfur tengdar útboði eigin fjármálagerninga eða fjármálagerninga félags innan samstæðu Arctica<sup>22</sup>

- 7.1 Hafi Arctica umsjón með útboði fjármálagerninga útgefnum af félaginu sjálfu, eða aðila innan samstæðu þess, og beinir því til viðskiptavina Arctica, skal greina og koma í veg fyrir eða takast á við hugsanlega hagsmunaárekstra sem kunna að skapast við þær aðstæður.
- 7.2 Þegar ekki er unnt að takast á við hagsmunaárekstra með viðhlítandi hætti til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á viðskiptavinum skal meta í samræði við regluvörð hvort láta eigi ógert að veita þjónustuna.
- 7.3 Verði tekin ákvörðun um að veita þjónustuna þrátt fyrir að ekki sé unnt að takast á við hagsmunaárekstra með viðhlítandi hætti skal gripið til þeirra ráðstafana sem viðeigandi ákvæði reglna þessara kveða á um, ásamt því að upplýsa viðskiptavin um þær sértæku áhættur sem kunna að skapast við þær aðstæður, með þeim hætti að viðskiptavin sé kleift að taka upplýsta fjárfestingarákvörðun.

## 8 Eftirlit með framkvæmd reglna þessara

- 8.1 Regluvarsla annast eftirlit með framkvæmd og framfylgni reglna þessara og hefur forgöngu um túlkun þeirra. Þannig skal eftirlit regluvörslu m.a. lúta að því að innra skipulag, reglur, verkferlar og hliðstæðir þættir innan Arctica séu til staðar og í samræmi við reglur þessar.
- 8.2 Viðskiptavinir, sem og starfsmenn, skulu eiga þess kost að beina athugasemdum til regluvörslu telji þeir að félagið eða starfsmaður hafi brotið gegn reglum þessum.<sup>23</sup>
- 8.3 Regluvarsla skal hafa gott aðgengi að rauntímaupplýsingum vegna síns eftirlits samkvæmt reglum þessum, þ.m.t. hafa aðgengi að fundum og fundargerðum. Starfsmenn Arctica, þ. á m. framkvæmdastjóri og yfirmenn einstakra eininga, skulu tilkynna regluvörslu sérstaklega og tímalega vakni grunur um hagsmunaárekstra eða hugsanlega hagsmunaárekstra sem ekki hafa verið skilgreindir fyrirfram.
- 8.4 Ef upp koma aðstæður eða atvik er regluvörður telur að valdið geti hagsmunaárekstrum sem skaðað geta hagsmuni viðskiptavina og/eða til að koma í veg fyrir tilteknar aðstæður eða atvik komi upp, þá hefur regluvörður heimild til að stöðva einstök viðskipti starfsmanna sem og til að bakfæra viðskipti starfsmanna sem þegar hafa verið framkvæmd, telji regluvörður að viðskiptin eigi ekki að eiga sér stað eða skuli ekki hafa átt að eiga sér stað. Þá hefur regluvörður heimild til að upplýsa framkvæmdastjóra og yfirmann starfsmanns um starfshætti starfsmanns sem ganga í berhögg við reglur þessar.
- 8.5 Að öðru leyti vísast til ákvæða reglna Arctica um regluvörslu um heimildir og úrræði regluvörslu.

## 9 Endurskoðun reglna þessara

- 9.1 Endurskoðað skal reglur þessar reglulega, í það minnsta árlega, til að greina hvort þær séu nægilega skilvirkar í framkvæmd eða ef til koma breytingar á lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum sem snerta efni þeirra.<sup>24</sup>
- 9.2 Komi Arctica til með að auka við þá starfsemi og þjónustu er félagið býður upp, skulu reglur þessar endurskoðaðar því til samræmis.

Samþykkt á fundi stjórnar þann 23. október 2009 og breytt þann 30. mars 2012, 13. september 2012, 24. ágúst 2015, 2. október 2017, 14. desember 2021, 4. október 2022, 26. ágúst 2025, 17. desember 2025 og 24. mars 2026.

<sup>22</sup> Sjá 41. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565.

<sup>23</sup> Sjá lið 103 í Viðmiðunarreglum EBA.

<sup>24</sup> Sjá 5. mgr. 34. gr. reglugerðar ESB 2017/565.

## VIÐAUKI I

**Skrá yfir þær tegundir fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu sem er veitt af Arctica þar sem hagsmunaárekstur hefur skapast eða getur skapast:**

- Arctica hefur heimild til að veita eftirfarandi fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu:
  - Móttaka og miðlun fyrir mæla frá viðskiptavinum um einn eða fleiri fjármálagerninga.
  - Framkvæmd fyrir mæla fyrir hönd viðskiptavina.
  - Eignastýring.
  - Fjárfestingarráðgjöf.
  - Umsjón með útboði fjármálagerninga án sölutryggingar.
  - Varsla og umsýsla í tengslum við einn eða fleiri fjármálagerning fyrir reikning viðskiptavinar, þ.m.t. varsla fjármálagerninga og tengd þjónusta, svo sem vegna fjármuna eða trygginga og að undanskilinni veitingu og vörslu verðbréfareikninga á efsta stigi.
  - Ráðgjöf til fyrirtækja um uppbyggingu eigin fjár, stefnumótun og skyld mál og ráðgjöf og þjónusta varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim.
  - Gjaldþyrping þjónusta ef umrædd viðskipti eru liður í fjárfestingarþjónustu.
- Arctica telur hagsmunaárekstra geta skapast við veitingu allra tegunda fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu sem félagið veitir.

**Aðstæður sem valda eða kunna að valda hagsmunaárekstrum:**

- Almenn dæmi um mögulega hagsmunaárekstra:
  - Arctica, eða tengdir aðilar, hljóta ávinning eða komast hjá tapi á kostnað viðskiptavinar.
  - Arctica, eða tengdir aðilar, geta haft aðra hagsmuni af útkomu fjárfestingarþjónustu en viðskiptavinur.
  - Arctica, eða tengdir aðilar, geta haft hagsmuni af því að hygla einum viðskiptavini á kostnað annars.
  - Arctica, eða tengdir aðilar, geta rekið sömu starfsemi og viðskiptavinur.
  - Arctica, eða tengdir aðilar, geta fengið þóknun frá öðrum en viðskiptavini í tengslum við þjónustu félagsins.
  - Arctica þjónustar fleiri en einn aðila í einu, t.d. hefur umsjón með útboði og selur fjármálagerninga í útboðinu eða veitir fjárfestingarráðgjöf varðandi fjármálagerningana.
  - Arctica, eða tengdir aðilar, fá gjafir eða boðsferð, umfram það sem eðlilegt getur talist, sem gætu haft áhrif á störf þeirra með þeim hætti að andstætt sé hagsmunum viðskiptavina þeirra.
- Mögulegir hagsmunaárekstrar vegna móttöku og miðlunar eða framkvæmdar fyrir mæla:
  - Arctica getur miðlað eða framkvæmt fyrir mæli á hátt sem hygglir einum viðskiptavini á kostnað annars (t.d. varðandi tímasetningu eða verð framkvæmdar).
  - Arctica gæti beint fyrir mælum viðskiptavinar til tiltekins viðskiptavettvangs eða annars aðila sem félagið fær hvatagreiðslur frá.
  - Starfsmenn Arctica gætu haft hagsmuni af því að hygla tilteknum fjármálagerningum eða fyrirtækjum þegar þeir meðhöndla fyrir mæli frá viðskiptavini.
  - Starfsmaður Arctica á viðskipti með fjármálagerninga sem ganga gegn hagsmunum viðskiptavinar sem gefið hefur í skyn áhuga á viðskiptum með viðkomandi fjármálagerninga.

- Mögulegir hagsmunaárekstrar vegna fjárfestingarráðgjafar:
  - Arctica, eða tengdir aðilar, geta haft fjárhagslega hagsmuni af fjármálagerningi eða útgefanda hans sem þeir mæla með fyrir viðskiptavini.
  - Arctica, eða tengdir aðilar, geta fengið hvatagreiðslur frá þriðja aðila í tengslum við fjárfestingarráðgjöf.
  - Arctica, eða tengdir aðilar, gætu haft hagsmuni af því að mæla með fjármálagerningum sem eru tengdir félaginu, þ.m.t. hlutum í sjóðum í rekstri samstæðufélags.
  - Arctica hefur fjárhagslega hagsmuni af því að mæla með fjármálagerningi sem samræmist ekki sjálfbærnióskum viðskiptavinar.
- Mögulegir hagsmunaárekstrar vegna umsjónar með útboði fjármálagerninga án sölutryggingar:
  - Arctica, eða tengdir aðilar, gætu haft hagsmuni af sölu í útboði, sem gæti ollið því að Arctica flokki viðskiptavin eða metur hæfi eða tilhlýðileika hans ekki með fullnægjandi hætti.
  - Arctica gæti tekið tiltekna fjárfesta fram yfir aðra við úthlutun.
  - Arctica gæti haft umsjón með útboði fjármálagerninga hjá útgefanda sem hefur viðskiptaleg tengsl við félagið, eða persónuleg tengsl við félagið eða tengdan aðila, sem gæti haft áhrif á hlutlægni Arctica.
- Mögulegir hagsmunaárekstrar vegna vörslu og umsýslu fjármálagerninga:
  - Arctica notar eignir viðskiptavinar í eigin þágu eða þágu annars viðskiptavinar.
- Mögulegir hagsmunaárekstrar vegna fyrirtækjaráðgjafar:
  - Arctica gæti unnið fyrir fleiri en einn aðila í tilteknum viðskiptum (t.d. kaupanda og seljanda).
  - Arctica veitir tveimur viðskiptavinum, sem eru í beinni samkeppni hver við annan, ráðgjöf um kaup á sama fyrirtæki.
  - Hvati gæti myndast til að ráðleggja á tiltekinn hátt sem skapar meiri tekjur fyrir Arctica en þjónar ekki hagsmunum viðskiptavinar á bestan máta.
  - Trúnaðarupplýsingar sem fengnar eru frá einum viðskiptavini gætu verið misnotaðar til hagsbóta fyrir annan aðila, þ.m.t. aðra viðskiptavini.
  - Arctica mælir með eða selur fjármálagerning sem útgefinn er af því sjálfu eða tengdum aðila, þegar það veitir viðskiptavinum fyrirtækjaráðgjöf.
  - Arctica gæti veitt ráðgjöf varðandi viðskipti sem eru sögð auka sjálfbærni án raunverulegra undirliggjandi breytinga.
- Mögulegir hagsmunaárekstrar vegna gjaldeyrisþjónustu sem liður í fjárfestingarþjónustu:
  - Gjaldþjónusta sem er veitt í tengslum við fjárfestingarþjónustu er veitt á lakari kjörum fyrir viðskiptavin en Arctica, eða tengdir aðilar, hagnast á kjörunum.